
FUNDARGERÐ

Fundur: 110. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Föstudagur 5. maí 2017, kl. 12:00-13:00
Fundarstaður: Hof menningarhús, Akureyri
Fundarefni: 1) Gögn ársins 2016.
2) Stuðlar ársins 2016, gögn til Orkustofnunar.
3) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START: Ragnar Stefánsson, Landsnet (RS)
Benedikt Einarsson, Veitur (BE)
Egill Sigmundsson, HS Veitur (ES)
Gunnar Haukur Gunnarsson, Norðurorka (GHG)
Kjartan Rolf Árnason, RARIK (KRA)
Rán Jónsdóttir, Orkustofnun (RJ)

EFLA: Ingvar Baldursson (IB)
Kolbrún Reinholdsdóttir (KR)

Fjarverandi: Ragnar Emilsson, Orkubú Vestfjarða
Sigfús Guðlaugsson, Rafveita Reyðarfjarðar

110 fundur START hópsins.

Fundur START hópsins var haldin að þessu sinni í menningarhúsinu Hof, en dagana 4. og 5. maí var haldið Samorkuþing sem fulltrúar START hópsins sóttu.

- 1) Gagnaskil vegna ársins 2016 er í hefðbundnum farvegi. Farið stuttlega yfir truflanir hjá veitunum á síðasta ári þar kom fram að ein truflun hjá Norðuorku tengdist Landsneti (GHG), hjá Veitum var stærsta truflun í Korpu en þar gaf sig einangrun á streng þegar viðahaldsvinna fór fram á spennu (BE), síðasta ár kom vel út hjá RARIK og lítið af truflunum (KRÁ), truflanatilvik voru svipuð hjá HS-Veitum (ES), færri skerðingar voru hjá Landsneti og hefur snjallnetið nýst vel og eru „stuttu“ straumleysistilvik færri en áður (RS). Í ár hafa komið stórar truflanir og nefndi RS að útleysing hjá ALCOA hafi haft mikil áhrif og síðan er bilun á sæstreng til Vestmannaeyja (Vestmannaeyjarlínu 3).

- 2) KR fór yfir skýrsluna „Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2007-2016“. Drög að skýrslunni var dreift á hópinn fyrir í vikunni.

Í umræðu um skýrslu spurði RJ um erlendan samanburð. Rætt var um skiptingu á milli dreifbýli og þéttbýli.

KR sýndi myndir þar sem truflanir í drefiveitum eru greindar eftir einingunum og orsökum, en það verður bætt við kafla í skýrslunni um þessa greiningu truflana.

Endnægri skýrslu verður dreift á hópinn. Í kjölfarið verður skýrslan gerð aðgengileg á truflun.is.

3) Önnur mál

- a) „*Launaflsvirki (SVC)*“. RS spurði skráningu á truflunum í launaflsvirkjum. IB og KR munu senda minnisblað um skráningu á truflunum í launaflsvirkjum.

Fleira ekki gert. Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudag 26. október 2017, eftir er að ákveða fundarstað.

Ingvar Baldursson

Dreift var fyrir fundinn:

- Skýrsla: Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2007-2016. Drög án kafla 7.

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Glærur: kynning á skýrslu: „Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2007-2016“

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
KR og IB	Fara yfir staðla IEEE um meðhöndlun á „stór tilvik“.
IB og KR	Minnisblað um skráningu truflana í launaflsvirki (SVC)